


Haust-sýning FÍM -kjarninn



Það er fleira gler en í glugga

Leifur Breiðfjörð glerlistar-maður. Hann á að baki langan námsferil á Íslandi og í útlöndum. Hann hefur sýnt á fjölmörgum samsýningum og haldið tvær einkasýningar.

Og það stendur í sýningarskrá, að Leifur sé félagi í „The British Master Glasspainters Society“ í Lundúnum. Hann á tíu verk, Leifur, á þessari haustsýningu FÍM. — Þessi verk, segir hann, eru háð umhverfi sínu. Umhverfið speglast í verkunum. Ég vinn mikið með umhverfið í huga. Og þau er sibreytileg, þessi verk, eftir birtunni, sem leikur um þau. Þess vegna er haustið kannski ekki bezt tím-inn til sýninga á verkum unnum í gler, en ljóskastararnir lýsa vel á kvöldin.

Já, það heitir Valdafl þetta verk sem ég stend við. Ég er að reyna að sýna fram á aukna möguleika glersins — glerið má nota í fleira en glugga. Og sú er kannski fyrst og fremst ætlun mín, að sýna fram á það á þessari sýningu. Þessir speglar já, sem liggja á gólfinu, þeir hafa vakið eftirtekt. Þetta er eins konar loftsfly. Eins og þú veist þá er ekki til sá maður, sem ekki talar illa um þetta loft hér á Kjarvalsstöðum, allir vilja það burt og þeir voru að segja, að eiginlega væri þetta fyrsta tilraunin til að ná þessu fallega lofti niður.

— J.F.Á.

Skammdegis-geggjun

Valtýr Pétursson þarf reyndar ekki að kynna í Mbl. Hann hefur skrifað í það um listir í þrjátíu ár. Og hann er löngu kunnur málari. Valtýr Pétursson nam erlendis og í París 1949.

Hann var einn September-manna og sýndi á öllum þeirra sýningum og síðustu sjö árin hefur hann sýnt með September-hópnum.

— Þessi þarna, segir Valtýr og bendir á mynd númer 29, það er í henni skammdegisgeggjun. Þeir eru margir, sem sjá skammdegis-geggjun sem rigningar-sudda — skammdegis-geggjun er fullt af litum! Og þar er þessi eilífa barátta milli ljóss og skugga sem skapar þessa ágætu geðveiki sem einkennir Íslendinga. Þeir sögðu mér úti í Þýskalandi, að það væri kannski

ný útgáfa af norrænum express-ionisma í þessari mynd. Ég veit ekkert um það, en það er í henni skammdegisgeggjun.

Já, þetta hefur verið erfitt hjá mér undanfarið. Ég var með sýningu í Þröstalundi í sumar, og svo með verk á Septem og nú á haustsýningu FÍM. Já, það hefur verið mikið álag, enda ætla ég að leyfa mér að vera geðveikur það sem eftir er af skammdeginu.

Eins og þú sérð, eru myndirnar á þessari sýningu allt aðrar en í Septem. Þessar myndir mínar hér eru ekkert framhald af Septem-sýningunni. Rithöfundurinn myndi segja, að þetta væri ný bók hjá sér — ekki seinna hefti. Og það er eitthvað í þessu samvali hérna hjá mér sem ég skammast mín ekki fyrir.

— Það kemur ekki málinu við hvað maðurinn er, heldur hvað hann gerir, sagði einu sinni góður maður. Við Íslendingar getum vel við unað þá grósku sem hér ríkir í öllum listum. Bíddu samt við, menningin er ágæt til frásagnar — það er annað að hafa hana fyrir augunum...

(Myndin sem Valtýr situr við er ekki „skammdegisgeggjunin“, heldur Kaffibrúsin).

— J.F.Á.



Náttúrustemmning...

GUÐMUNDUR Benediktsson nam í Reykjavík og hann hélt í námsferðir til Danmerkur, Frakklands og Englands. Hann hefur sýnt á samsýningum erlendis sem hérlandis og síðan 1955 hefur hann næstum alltaf sýnt á haustsýningum FÍM.

— Þessi verk mín fimm, hér á sýningunni, eru öll unnin í eir, og öll frá þessu ári, sagði Guðmundur. Það heitir „Par“ þetta verk sem ég stend við.

Ég hef unnið síðustu árin mikið í eir, og hef ekki hug á því að snúa mér aftur að trénu eða járninu, ekkert í bráðina a.m.k. Eirinn er skemmtilegt efni og hann gefur mikla möguleika, en vinnan er talsverð, miklar suður, og það verður að fara varlega í sakirnar þegar unnið er með eir.

Nei, það er engin sérstök saga bak við þessi verk mín, enginn boðskapur, nema kannski náttúrustemmning. Ég hef mikla ánægju af ferðalögum og náttúrustemmningum. Við getum sagt það séu náttúrustemmningar í þessum verkum. Hún er ótæmandi brunnur af

möguleikum, náttúran. Það þarf ekki annað en taka upp steinvölu!




Maður hugsar ekki svoleiðis...

ÁSGERÐUR Búadóttir vefja-listakona. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, hérlandis og erlendis.

Og á haustsýningu FÍM á hún 7 myndir ofnar. Ein þeirra heitir sjö listfletir. — Já, ég óf þessa mynd í minningu sjö kollega minna í listinni, og allar konur. Við vorum á svipuðu reki og allar í FÍM utan ein, sumar okkar voru vinkonur, aðrar saman í skóla

og nú eru þær dánar. Þær voru Nína, Gerður, Eyborg, Barbara, Aslaug, Ragnheiður, María.

Mér þykir bezt að vinna stórar myndir, segir Ásgerður. Mér finnst ég þá vera að takast á við stærri hluti. Ég hef selt þrjár, já, þær minnstu. Nei, það er mér ekki hvatning til þess að snúa mér að litminni myndum. Maður hugsar ekki svoleiðis, það er annað sem sækir á mann...



Hugleiðingar — ekki speki...

Bórður Hall. Hann nam á Íslandi, svo í Svíþjóð og síðan hefur hann kennt og málað. Hann hefur sýnt á fjölda samsýninga innanlands og utan. Hann á níu verk á haustsýningu FÍM. Fimm svokölluð sáldþrykk og fjórar teikningar. En

hvað er sáldþrykk? — Það er þegar það er litur í grafíkmyndum, segir hann. Og teikningarnar finnast mér vega svolítið upp á móti litnum í sáldþrykkinu. Ég hef reyndar aldrei sýnt teikningar fyrr.

Eigum við ekki að segja, að

ég vinni út frá landslaginu, náttúruformum. Þessi verk eru kannski hugleiðingar um samband mannsins við landið, við náttúruna. Nei, þetta er engin speki.

Og haustsýning FÍM er í heildina sterk. Það er rétt stefna að láta eins konar kjarna mynda uppistöðu sýningarinnar, og það skapar skemmtilega fjölbreytni, þetta að velja menn úr ólíkum greinum í kjarnann. Nei, ég er ekkert að hugsa um einkasýningu. Ég læt hverjum degi nægja sínar þjáningar, segir Bórður Hall.

